



Nefndasvið Alþingis
v/Austurvöll
B.t. allsherjar- og menntamálanefndar,
101 Reykjavík

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 28. mars 2018

Tilvísun: UTN18020022/26.M.001; 36.A.001; 73.F.001; 97.B.142
MGP/--

Utanríkisráðuneytið sendir nefndasviði Alþingis hér með eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (bann við umskurði drengja, 148. löggjafarþing 2017-2018, þingskjal 183 – 114. mál), sbr. umsagnarbeiðni allsherjar- og menntamálanefndar nr. 10123 frá 12. mars sl.:

Framangreint frumvarp felur í sér að 1. málslíður 218. gr. a í almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sem leggur refsingu við því að valda tjóni á líkama eða heilsu stúlkubarns eða konu með því að fjarlægja kynfæri að hluta eða öllu, er breytt svo að efni greinarinnar nái einnig til drengja. Orðast málsgreinin svo: *Hver sem með líkamsárás veldur tjóni á líkama eða heilsu barns eða konu með því að fjarlægja kynfæri að hluta eða öllu leytir skal sæta fangelsi allt að 6 árum.*

Í umsögn sinni beinir utanríkisráðuneytið sjónum sínum í fyrsta lagi að alþjóðlegum skuldbindingum, í öðru lagi viðbrögðum utan úr heimi vegna framlagningu frumvarpsins og, í þriðja lagi, er þess freistað að meta hvaða áhrif í alþjóðlegu tilliti frumvarpið kynni að hafa verði það samþykkt í óbreyttri mynd. Eðli máls samkvæmt fjallar utanríkisráðuneytið ekki um lækisfræðilega eða trúarlega þætti málsins sem þó er mikilvægt að vega og meta í umfjöllun um frumvarpið.

Mannréttindi eru grundvallarstef í utanríkisstefnu Íslands, þ.m.t. réttindi barna, og sér þess víða merki í málafylgju Íslands á erlendum vettvangi, hvort heldur sem er innan alþjóðastofanana eða tvíhliða gagnvart einstökum ríkjum. Ísland er einnig aðili að ýmsum alþjóðlegum samningum sem vernda mannréttindi og mannhelgi, þ.m.t. samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (barnasáttmála SP) og Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í umfjöllun um frumvarpið, og raunar í árunna rás, hefur verið bent á, meðal annars af hálfu umboðsmanna barna á Norðurlöndunum, að umskurður drengja kunni að stangast á við einstaka ákvæði barnasáttmála SP, meðal annars 12. gr. og 3. mgr. 24. gr. Utanríkisráðuneytinu er ekki kunnugt um að reynt hafi á túlkun barnasáttmálans að þessu leytnu til fyrir þar til bærum úrskurðaraðila líkt og dómstóli. Raunar er ekki fjallað um umskurð í barnasáttmálanum, heldur fjalla ofangreindar greinar um rétt barna til að hafa áhrif á eigið líf og vernd gegn hefðum sem eru skaðlegar heilbrigði barna. Hér er ennfremur

mikilvægt að gera skýran greinarmun á umskurði drengja og umskurði stúlkna, en hið síðarnefnda er aðgerð af allt öðrum toga og telst líkamsárás í laganna skilningi og refsivert athæfi.

Í samræmi við áherslur stjórnvalda í mannréttindamálum, þ.m.t. réttindi barna, telur utanríkisráðuneytið rétt að túlka vafaatriði börnum í hag og segja má að andi barnasáttmálans og ofangreindra ákvæða samræmist illa umskurði á drengjum. Sömuleiðis má líta til þess að frumvarpið miðar að því að veita drengjum ákveðna lagalega vernd sem stúlkubörn og konur njóta nú þegar með afgerandi hætti. Í þeim tilvikum þar sem ekki er um nauðsynlega lækisfræðilega aðgerð á drengjum að ræða væri því ákjósanlegast ef ákvarðanir um inngríp af þessu tagi yrðu ekki teknar fyrir en viðkomandi einstaklingur hefði nægilegan þroska til að taka upplýsta ákvörðun um hvort framkvæma skuli aðgerðina.

Að þessu sögðu verður ekki framhjá því litið að umskurður á drengjum ristir djúpt í lífi fjölmennra trúar- og menningarhópa og hefur um aldir. Því hefur Alþjóðaheilbrigðisstofnunin talið nauðsynlegt að umskurður á drengjum séu framkvæmdur á eins öruggan máta og mögulegt er, af þjálfuðu heilbrigðisstarfsfólki og við bestu lækisfræðilegu aðstæður sem völ er á. Þessi afstaða er í samræmi við framkvæmdina sem er í gildi á hinum Norðurlöndunum sem ekki hafa farið þá leið að banna umskurð á drengjum, heldur gert að skilyrði að slíkar aðgerðir séu einungis framkvæmdar af viðurkenndum lækisfræðingum með samþykki drengsins eða forráðamanni hans.

Viðbrögð við framlögðu frumvarpi erlendis frá hafa verið töluverð. Sendiráð Íslands í Evrópu og Norður-Ameríku, einkum í Þýskalandi, Bandaríkjunum og Bretlandi, hafa mótttekið fjölda erinda frá einstaklingum og samtökum sem flest eiga það sammerkt að vera gagnrýnin á frumvarpið. Í þeim efnum er algengast að vísað sé til trúfrelsis og mikilvægi þess að trúfrelsi annarra sé virt. Fjölmörg laumfjöllun í þessum ríkjum hefur einnig verið nokkur og mörg af stærstu samtökum Gyðinga verið áberandi í umræðunni. Einnig hafa þó borist nokkur erindi, greinar og viðtöl sem lýst hafa stuðningi fyrir frumvarpið.

Sendierindrekar einstakra ríkja gagnvart Íslandi hafa spurst fyrir um frumvarpið og í einstaka tilvikum lýst áhyggjum sínum af afleiðingum þess verði það að lögum. Þá hafa borist ábendingar frá háttsettum einstaklingum innan alþjóðakerfisins um að, þrátt fyrir augljósan góðan ásetning og með réttindi barns að leiðarljósi, gætu lög í þessa veru verið túlkuð sem andúð gegn ákveðnum trúar- og menningarheimum og þannig alið á öfgahyggju á tímum þar sem mannréttindi eiga mjög undir högg að sækja á heimsvísu.

Í viðbrögðum sínum hefur utanríkisþjónustan lagt áherslu á eðli þingstarfa í rótgrónu lýðræðisríki þar sem réttur þingmanna til að leggja fram lagafrumvörp og þingsályktunartillögur er ríkur hluti af lýðræðishefðinni. Jafnframt hefur, að höfðu samráði við Alþingi, verið bent á leiðir til að koma sjónarmiðum og erindum á framfæri í hinu þinglega ferli, sem er sé mjög gegnsætt og opið fyrir ólíkum skoðunum, meðal annars í umsagnarferli.

Ekki er einfalt að meta hver viðbrögð yrðu erlendis frá ef frumvarpið yrði óbreytt að lögum. Þó er ljóst að umskurður á drengjum á sér mjög djúpar rætur í trúar- og menningarlífi Gyðinga og Múslima, en einnig óháð trú líkt og í Bandaríkjunum og mörgum ríkjum Afríku. Hér er því ekki um fámenna jaðarhópa að ræða, heldur hóp sem gæti talið um þriðjung mannkyns. Af þessum sökum er ekki útilokað að málið setti Ísland í neikvætt ljós á meðal fjölmargra aðila og hefði áhrif á íslenska hagsmuni – til skemmri tíma hið minnsta.

Utanríkisráðuneytið gerir sér glögga grein fyrir megintilgangi frumvarpsins og styður

viðleitni löggjafans að stíga skref í þessa átt, enda í anda mannréttindastefnu stjórnvalda. Í þeim efnum teldi ráðuneytið þó ákjósanlegra að gæta meira jafnvægis gagnvart andstæðum sjónarmiðum og fara þá leið sem önnur Norðurlönd hafa farið – að geta þess í lögum að umskurður á drengjum sé einungis heimilaður ef aðgerðin er framkvæmd af þartilbærum og viðurkenndum læknaþyröldum og með samþykki drengs eða forráðamanni hans.

F.h.r.


Matthías G. Pálsson